



Skýrsla um banaslys í umferðinni
Reykjanesbraut við Stekk 14.11.2013
Málsnr. 2013-U019



Rannsóknir Rannsóknarnefndar samgönguslysa miða að því að leiða í ljós orsakir slyss til að koma í veg fyrir að sams konar slys verði aftur. Markmið nefndarinnar er ekki að skipta sök eða ábyrgð heldur stuðla að auknu öryggi í samgöngum sbr. lög um Rannsóknarnefnd samgönguslysa nr. 18/2013.

Reykjanesbraut við Stekk 14.11.2013

Ekið á gangandi vegfaranda

Látin, 30 ára kona

Samantekt

Slysið varð síðla dags 14. nóvember 2013. Gangandi vegfarandi gekk frá verslunarkjarnanum við Fitjar í Reykjanesbæ, yfir Reykjanesbraut. Var hún komin yfir miðja Reykjanesbraut á leið yfir akrein fyrir umferð austur brautina þegar hún gekk í veg fyrir bifreið sem ekið var í þá átt. Vegfarandinn hlaut lífshættulega áverka og lést 16 dögum eftir slysið. Rannsóknarnefnd samgönguslysa áréttar að ökumenn dragi úr ferð og aki undir hámarkshraða í slæmu skyggni og á blautum vegi þar sem þá er mun erfiðara að sjá gangandi vegfarendur og bregðast við óvæntum atvikum. Jafnframt áréttar nefndin að gangandi vegfarendur séu ávallt með endurskinsmerki og sýni aukna varúð við vegi í slæmu skyggni.

Aðstæður

Veður og birta: Myrkur, vindur 12-14 m/sek, rigning og blautur vegur.

Vegur: Bundið slitlag. Hámarkshraði 70 km/klst.

Tími sólarhrings: Kvöld

Ökutæki: Hyundai Santa Fe, fólksbifreið/jepplingur

*Rannsóknarnefnd umferðarslysa
Húsi Flugbjörgunarsveitarinnar
Flugvallavegi
101 Reykjavík*

*Heimasíða:
www.rnsa.is*


*Tölvupóstfang:
rnsa@rnsa.is*

Lýsing á slysi

Slysið varð síðla dags 14. nóvember 2013 við Fitjar á Reykjanesbraut. Þrítug kona hafði verið við útför í Reykjanesbæ og fengið far þaðan á bensínstöðina/ verslunarkjarnann við Fitjar í Reykjanesbæ skömmu fyrir slysið. Þaðan gekk hún þvert yfir Reykjanesbraut út á umferðareyju sem skilur að akreinar í hvora átt. Var hún á leið yfir akrein fyrir umferð austur Reykjanesbraut þegar hún varð fyrir Hyundai Santa Fe bifreið/jeppling sem ekið var úr þeirri átt. Við ákeyrsluna lenti konan á vinstri hlið bifreiðarinnar og kastaðist 25 metra þar til hún féll á götuna. Hún hlaut mikla höfuðáverka og lést sextán dögum eftir slysið (30.11.2013).

Á slysstað er Reykjanesbraut tveggja akreina vegur fyrir umferð í gagnstæðar áttir en einnig er beygjuakrein fyrir umferð inn í Reykjanesbæ. Þar er ekki gangbraut og því ekki gert ráð fyrir að gangandi vegfarendur þveri veginn á þessum stað. Ljósastaurar eru með 55 m millibili við beggja vegna vegarins og lýsa upp gatnamótin. Þegar slysið varð var myrkur, rigning og allhvass vindur. Konan var fremur dökkklædd, í bláum gallabuxum, gráum jakka og dökkum leðurstígvélum og ekki með endurskinsmerki. Skyggni var slæmt vegna votviðris sem hefur jafnframt dekkjatnað hennar. Áætla má að vindur hafi verið 12 til 14 metrar á sekúndu á vettvangi þegar slysið varð, en á Keflavíkurflugvelli, skammt frá slysstað, var vindur SSV 11.8 til 18.5 metrar á sekúndu kl. 18.00 þennan dag. Sennilegt er að konan hafi ætlað að stöðva bifreið hinum megin við akbrautina og fá far með henni á höfuðborgarsvæðið, en hún hafði ferðast með þeim hætti að Fitjum.

Ökumaður bifreiðarinnar sagði að hann hefði aldrei séð til ferða konunnar. Að sögn hans var ökuhraðinn 90-100 km/klst. er slysið varð og kvaðst hann ekki hafa gert sér grein fyrir að hámarkshraði þarna er 70 km/klst. Vitni sem horfði á slysið, staðsettur á bensínstöð við Fitjar, taldi að ökumaður hafi ekið greitt. Að sögn ökumanns voru ökuljósir kveikt og rúðupurrkurnar í gangi er slysið varð. Kvað hann skyggnið hafa verið lélegt og götulýsinguna á slysstað ekki góða.



Örin sýnir hvar konan lenti eftir ákeyrsluna. Þegar slysið varð var rigning og myrkur.

Bifreiðin var fólksbifreið af gerðinni Hyundai Santa Fe. Var hún skoðuð af bíltæknisérfræðingi eftir slysið. Ekkert athugavert kom fram sem bendir til að orsök megi rekja til ástands hennar fyrir slysið. Ummerki voru á vinstri hlið bifreiðarinnar eftir ákeyrsluna, framenda, hurð og spegli.

Niðurstöður áfengis- og lyfjamælinga leiddu í ljós að ökumaður var ekki undir áhrifum áfengis eða ólöglegra lyfja er slysið varð.

Orsakagreining

- Gangandi vegfarandi, án endurskins, reyndi að þvera þjóðveg í rigningu og myrkri þar sem gangandi vegfarendur er ekki ætlað að vera á ferðinni.
- Ökumaður bifreiðarinnar ók of hratt miðað við aðstæður.

Ábending um notkun endurskinsmerkja og aðgæslu

Rannsóknarnefnd samgönguslysa telur að afturför hafi orðið varðandi notkun endurskinsmerkja hér á landi og telur mikilvægt að áróður fyrir notkun endurskinsmerkja og endurskins á fatnað, verði aukinn. Nefndin hefur rannsakað allmörg slys þar sem ekið var á gangandi vegfarendur í myrkri sem voru án endurskinsmerkja eða með lélegt endurskin (sjá skýrslur: Suðurlandsvegur við Laugardæli 5.janúar 2009; Alvarleg umferðarslys á höfuðborgarsvæðinu 2009) Ökumenn sjá gangandi vegfarendur í dökkum fatnaði seint og illa þegar skyggni er slæmt og eru því seinni en ella að bregðast við. Beinir rannsóknarnefndin því til Samöngustofu að auka áróður um notkun endurskinsmerkja og fá stofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki í lið með sér og ná á öflugan átt til þeirra hópa vegfarenda sem eru á ferðinni fótgangandi. Jafnvel mætti að mati rannsóknarnefndarinnar, huga að því við endurskoðun umferðarlaga að um þetta verði settar leiðbeinandi reglur, sbr., leiðbeinandi reglur um notkun hlífðarhjálma sem í gildi eru.

Skýrslan var samþykkt af:

**Geirprúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Brynjólfur Mogensen
Guðmundur Freyr Úlfarsson
Inga Hersteinsdóttir**

Reykjavík 16.12 2014

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Ágúst Mogensen, stjórnandi rannsóknar